



## Fundargerð hreppsnefndar 20. nóvember 2014

Fundur nr. 9 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 20. nóvember 2014 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Friðrik Óli Atlason, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps:

a) Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2015-2018 lögð fram til fyrri umræðu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og lykiltölum hennar. Í næstu viku verða vinnufundir haldnir en síðan samþykkt samhljóða að vísa áætluninni til síðari umræðu.

2. Fundargerðir:

a) Fundargerð aðalfundar samtaka sjávarútvegssveitarfélaga ásamt fundargerð 15. og 16. fundar stjórnar dags. 8. október og 3. nóvember 2014.

Lagt fram til kynningar.

b) Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 10. október 2014.

Lagt fram til kynningar.

c) Fundargerð aðalfundar Gáf ehf., dags. 16. október 2014.

Hrund Snorradóttir kom með eftirfarandi bókun: „Ég geri verulegar athugasemdir við að ekki er farið eftir 15. gr. jafnréttis laga nr. 10/2008 um stjórnarkjör í þessu félagi, sem er í eigu sveitarfélaga.“

d) Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands, dags. 21. október 2014.

Hrund, sem starfsmaður sjóðsins, svaraði framkomnum fyrirspurnum um einstaka liði.

e) Fundargerð aðalfundar Héraðsskjalasafns Austfirðinga, dags. 6. nóvember 2014.

Lagt fram til kynningar.

f) Fundargerð 119. fundar stjórnar HAUST, dags. 12. nóvember 2014.

Umræða fór fram um flutning verkefna í fundargerð og tekur sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps undir bókun heilbrigðisnefndar þar sem segir:

„Heilbrigðisnefnd skorar því hér með á ráðherra að beita sér fyrir því að ríkisstofnanir nýti þær heimildir sem eru í lögum til að fela heilbrigðisnefndum eftirlitsverkefni fyrir þeirra hönd, enda sé fyrir hendi fagþekking og mannaflí, ásamt því að beita sér fyrir breytingum á reglugerðum og lögum til þess að slíkt sé mögulegt á sem flestum sviðum. Enda má með margvíslegum rökum sýna fram jákvæð byggðaaáhrif af slíkum tilfærslum verkefna.“

Samþykkt samhljóða.

3. Erindi frá sveitarstjórnarmönnum:

a) Um málefni Atvinnuefningarsjóðs Vopnafjarðarhrepps.

Umræða fór fram um sjóðinn og samþykkt samhljóða að vísa málinu til atvinnu- og ferðamálanefndar.

b) Um stöðu ferðamálafulltrúa Vopnafjarðarhrepps.

Oddviti svaraði framkomnum fyrirspurnum varðandi starf ferðamálafulltrúa.

c) Um Þjónustunefnd aldraða.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða við tilgreindan hóp fólks sem fulltrúa í þjónustunefnd aldraða skv. 7. gr. laga um málefni aldraða sem og í þjónustuhóp aldraða s. s. var á síðasta kjörtímabili.

4. Almenn mál:

a) Bréf frá IQS um hugmyndir að sókn í sjávarútvegi á Vopnafirði.

Sveitarstjórn fagnar tækifærum til atvinnusköpunar á staðnum og er reiðubúið til viðræðna við fyrirtæki.

b) Bréf frá HAUST um skolpdælustöð í Kolaporti, Vopnafirði.

Lagt fram til kynningar.

c) Beiðni um styrk til að skrifa bók um Flugsögu Austurlands.

Samhljóða samþykkt að hafna beiðninni.

d) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands sem haldinn verður á Reyðarfirði 21. nóvember n. k.

Samþykkt samhljóða að tilnefna Friðrik Óla Atlason sem varamann.

e) Minnispunktar fundar trúnaðarmanna í Sundabúð.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin síðan lesin upp og samhljóða samþykkt. Fundi slitið kl. 18:06.